

heiður úr bítum þegar lífsreikningurinn hefir verið gerður upp af óvilhöllum mönnum. Sá sem mikið vill á sig leggja til þess að það starf, sem hann tekur þátt í, geti gengið greiðlega er góður liðsmaður. Mennt bera gott traust til hans, og menn bera virðingu fyrir honum fyrir ósérhlífni hans og ötulleik. Til hins, aftur á móti sem er sérhlífinn, bera samverkamennirnir ekkert traust. Hvað mikið sem hann talar um að æskilegt sé að verkið gangi vel, bætir það ekkert álit hans ef hann sýnir ekki að sér sé alvara með því að vinna ósleitilega sjálfur. Hann verður að snámenni í allra augum, og að síðustu í sínum eigin augum, þar sem aftur á móti ósérhlífni maðurinn vex og verður að meiri manni, bæði í meðvitund annara og sinni eigin, eftir því sem hann sýnir drenglyndi sitt oftar.

Svona er því varið við öll störf lífsins þar sem menn vinna hver við annars hlið. Þar er það að gera sinn hluta af verkinu jafnan talinn langbezti kosturinn á hverjum manni.

Alt félagslíf, hverju nafni sem nefnist, er samvinna. Mennt mynda félög málefnum til stuðnings vegna þess að reynslan sýnir að með því verður tilganginum, nefnilega viðgangi málefnsins, betur náð, heldur en með því að hver og einn vinni útaf fyrir sig. Félagsskapurinn er nauðsynlegt meðal til þess að aðaltilganginum verði náð. Það má líkja honum við verkfærið, sem unnið er með. Hvaða þýðingu hefir það nú fyrir manninn sjálfan að hann starfi í þeim félagsskap er heldur fram þeim málefnum, er hann álitur að vera góð málefni, og hann vill að verði sigursæl? Það hlýtur að minnsta kosti að hafa þá þýðingu að gefa honum meðvitund um að hann liggir ekki á sínu liði, hann hlýtur eins og hver ósérhlífinn starfsmaður að finna til þess að hann gjöri skylda sína, og að honum ber réttur hluti þess heiðurs, sem sigri málefnsins er samfara. En hinn maðurinn, sem ekki vill vinna með þeim, sem hann er þó samdóma hvað skoðanir snertir, hlýtur að hafa hið gagnstæða á sinni meðvitund. Hann hlýtur að kannast við með sjálfum sér að hann sé sérhlífinn; og hann hlýtur einnig að hafa það álit á sjálfum sér í augum annara. Hann lætur aðra gera það sem er hans skylda að gera. Hann ætlar sér að njóta ávaxtanna án